

Borgarráð

*Breytingatillögur Sósíalístaflokks Íslands (J) við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025*

**Breytingatillögur á fjárhagsáætlun 2025**

**J-1 Tillaga um að laun borgar- og 1. varaborgarfulltrúa taki ekki hækkunum árið 2025**

Grunnlaun borgarfulltrúa og fyrstu varaborgarfulltrúa miða við þróun launavísitölu frá marsmánuði 2013 og uppfærast í janúar og júlí ár hvert. Í ljósi efnahagsstöðunnar er lagt til að launin taki ekki hækkunum árið 2025. Sparnaðurinn fyrir árið 2025 er áætlaður 35.500 þ.kr.

**VEL**

**J-2 Tillaga um hækkun fjárhagsaðstoðar**

Fjárhagsaðstoð borgarinnar er veitt þeim sem ekki geta séð sér farborða án aðstoðar og er ekki veitt nema að allar aðrar leiðir hafi verið kannaðar til hlítar. Fjárhagsaðstoð til framfærslu er því síðasta úrræðið sem stendur manneskjum til boða og er oft hugsuð sem öryggisnet til skemmri tíma en sumir þurfa að lifa á þessari upphæð til lengri tíma. Grunnupphæð fjárhagsaðstoðarinnar nemur allt að 247.572 krónum á mánuði, frá áramótum 2025, fyrir einstakling sem rekur eigið heimili en upphæðin fer lækkandi ef slíkt á ekki við. Upphæðir fjárhagsaðstoðarinnar eru því ekki til þess fallnar að bæta viðkvæma stöðu þeirra sem framfleyta sér á henni. Því er lagt til að grunnupphæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu verði bundin við lágsta taxta Starfsgreinasambandsins sem er sett við 425.985 krónur á mánuði. Kostnaðarauki tillögunnar sé tekið mið af fjölskyldugerð og búsetuformi þess hóps sem fékk fjárhagsaðstoð í október 2024 og áætlaðrar fjölgunar á komandi ári, nemur á mánuði um 305 m.kr. eða á ári um 3.660 m.kr. (3,6 milljarðar). Einnig er lagt til að fjárhagsaðstoðin þróist í takt við hækkun lágmarkstekna. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

**J-3 Tillaga um desemberuppbót til allra með tekjur fjárhagsaðstoðar**

Lagt er til að allir sem fá nú fjárhagsaðstoð fái desemberuppbót. Hingað til hefur það einungis náð til þeirra sem hafa fengið fulla fjárhagsaðstoð undangengna þrjá mánuði samfelld. Desemberuppbótin er núna 25% af grunnfjárhæð. Kostnaðaráhrif tillögunnar eru um 14,5 m.kr. og er lagt til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um sömu fjárhæð. Kostnaðarauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205.

**SFS**

**J-4 Tillaga um gjaldfrjáls frístundaheimili**

Lagt er til að frístundaheimili á vegum borgarinnar verði gjaldfrjáls. Tekjulækkun skóla- og frísstundasviðs yrði 1.089 þ.kr. miðað við að ekki yrðu breytingar á þeim barnfjölda sem er nú þegar að nýta sér þjónustuna. Kostnaðarauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205.